

Athugasemdir við drög að samþykktir fyrir umhverfis- og heilbrigðisráð.

1. við 2. gr.: stofnunin heitir heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur, (ekki Reykjavíkurborgar).
2. við 3. gr. A.1.: Gerir tillögu að umhverfis- og auðlindastefnu Reykjavíkur og ber ábyrgð á innleiðingu stefnunnar.
3. við 3.gr. A.2.:“..... fólkvanga og friðlýst svæði“
4. við 3. gr. A.3: „Búfjárlög eru nr. 38/2013. Matvælastofnun fer með búfjárefirlit. Samþykkt borgarinnar fjallar hér eftir um vörslu- og lausagöngu búfjár.“
5. Við 3. gr. B.1: „og sér um gerð innleiðingaráætlunar“.
6. Við 6. gr. 2. mgr.: „l. nr. 7/1998“ í stað 7/1198.
7. Við 7. gr. 4. mgr. : Við bætist: „um önnur málefni en heyra undir verksvið Heilbrigðiseftirlits Reykjavíkur.
8. Í samþykktinni þarf að leiðrétta heiti HER sem er Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur Þá þarf að leiðrétta tilvísanir í l. 7/1998 með síðari breytingu: 2. mgr. 10. gr. á að vera tilvísun í 46. gr. laganna, í 2. mgr. 13. gr. tilvísun í 65. gr. laganna og í 3. mgr. 10. gr. á að vera tilvísun í 66. gr. laganna.

Athugasemdir um 2ja sólarhringa fyrirvara á boðun funda með dagskrá og fundargögnum:

1. Athugasemdir við 7. gr. tillögunnar um Boðun funda og fundarsköp:

- a. Það er ljóst, að ef núverandi fyrirkomulag skipulagsmála og afgreiðsla ráðsins eigi að vera með svipuðum hætti og verið hefur, þ.e. mál á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa, sem fram fer á föstudögum, séu afgreidd á undirbúningsfundum ráðsins á mánudögum og geti komið til afgreiðslu ráðsins næsta miðvikudag (reglulegur fundadagur ráðsins), þá er tveggja sólarhringa fyrirvari á fundarboði með fundargögnum of langur. Að mati ráðsins er varhugavert að breyta þessum fundardögum, sem viðskiptavinir borgarinnar þekkja ítarlega og haga sinni vinnu í samræmi við þetta afgreiðslulag. Þá er ljóst, að ef afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa er flýtt, rekst sá fundur á m.a. fundi borgarráðs, ef fimmtudagur verður fyrir valinu, á fundi ráðsins, ef miðvikudagur verður fyrir valinu, á afgreiðslufund byggingarfulltrúa og undirbúningsfund borgarráðs, ef þriðjudagur verður fyrir valinu o.s.frv. Svipaðar flækjur koma upp, verði reglulegum fundardegi ráðsins flýtt eða seinkað, auk þess sem fundaraðstaða ráðsins og annarra ráð í Hofi, myndi skarast og þarfnast mikilla breytinga og tilfæringa. Það er því mat ráðsins að sólarhringur geti talist nægur fyrirvari, þótt senda mætti út drög að dagskrá með fundargögnum einhverra mála fyrir til ráðsmanna.

Hinn kosturinn er að taka upp nýtt fyrirkomulag. Það felst í að halda öllum fundardögum og –tímum óbreyttum og taka upp tveggja sólarhringa fyrirvarann, eins og lagt er til í tillögunni. Þá myndi skipulags- og samgönguráð ekki taka mál frá afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa strax í næstu viku eftir fundinn (afgreiðslufundur á föstudegi, afgreitt í ráðinu næsta miðvikudag á eftir), heldur þarnaestu viku eftir fundinn. Þá væri unnt að senda fundarboð með gögnum með tveggja sólarhringa fyrirvara. Gefst þá rúmur tími til að ganga frá málum frá afgreiðslufundi til ráðsfundar, fullgera gögn og kalla eftir viðbótargögnum. Undirbúningsfundur ráðsins yrði þá jafnframt á mánudegi (eða öðrum degi) í

vikunni á undan ráðsfundardegi. Þá væru alltaf tveir fundir í undirbúningi hverju sinni. Engu að síður gæfist ráðrúm til að taka mjög brýn mál frá afgreiðslufundi á föstudegi til afgreiðslu á ráðsfundi á miðvikudegi vikunnar á eftir, enda verði þá dagskrárliðnum og gögnunum bætt við áður birta dagskrár.